

Heiðarbæ, 5. febrúar 2007

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. skjalaskráning á nefndasviði
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sóknarnefnd Þingvallakirkju hefur borist í hendur frumvarp til laga um breytingu á stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78, 26. maí 1997. Sjötta grein frumvarpsins (breyting á 62. grein laganna) fjallar m.a. um eign þjóðkirkjunnar á prestssetrum, þ.e. prestsetursjörðum og prestbústöðum, skv. samningi um prestsetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Eftirfarandi kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið (bls. 3, næstneðsta málsgrein):

“Mælt er sérstaklega fyrir um í samkomulaginu að jörðin Þingvellir og kirkjan þar sé eign íslenska ríkisins sem sjái um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita aðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir.”

Þetta atriði vill sóknarnefnd Þingvallakirkju gera athugasemd við, vegna heldur slakrar reynslu af slíku fyrirkomulagi á undanförunum árum. Fyrst er rétt að rekja aðeins forsöguna:

Prestar sátu á Þingvöllum frá örófi alda og fram til ársins 1928, en með hléum síðan. Þeir stunduðu lengst af búskap þar ásamt preststörfum á sama hátt og gerðist á öðrum prestsetrum á Íslandi. Um það leyti sem þjóðgarðurinn var stofnaður og Þingvallanefnd skipuð, eða árið 1929, var Þingvallabærinn byggður á grunni hins gamla prestseturs og útihús rífin. Með tilkomu þjóðgarðsins fóru strax nokkrar jarðir í eyði og fleiri fylgdu á næstu áratugum, fólkinu í sveitinni fækkaði um meira en helming. Þetta var mikil blóðtaka fyrir sveitarfélagið. Þrátt fyrir þetta hélst uppi nokkuð eðlilegt safnaðarstarf. Þingvallabærinn stóð opinn fyrir presti og sóknarbörnum hvort sem hann eða aðrir fastir starfsmenn þjóðgarðsins höfðu þar fasta búsetu. Þar var miðstöð sveitarinnar, svo sem símavarsla, veðurathugun og póstpjónusta. Eftir að búseta prests lagðist síðast af árið 2000, hefur Þingvallabær nánast verið í eyði, og aðstaða prests verið takmörkuð svo mjög að hún er alls óviðunandi bæði að mati safnaðarins og þeirra presta sem hafa þjónað Þingvöllum. Ekki stendur til að leggja Þingvallaprestakall niður af hálfu þjóðkirkjunnar. Nú ætlar íslenska ríkið að yfirtaka jörðina Þingvelli og heitir því að veita sóknarpresti aðstöðu í tengslum við kirkjuathafnir. Sóknarnefnd telur það ekki heppilegt fyrirkomulag miðað við reynslu síðustu ára sem rakin var hér að ofan.

Kirkjan hefur skyldum að gegna við söfnuðinn óháð því hversu fjölmennur hann er. Samningur um eignamál ríkis og kirkju vekur spurningar um framtíð Þingvalla og Þingvallakirkju gagnvart söfnuðinum, sem verður að svara áður en formlega er gengið frá því frumvarpi til breytinga á þjóðkirkjulögunum sem liggur nú fyrir.


Mun ríkið tryggja presti og söfnuðinum betri aðstöðu á Þingvallastað heldur en nú er?

Mun verða föst búseta í Þingvallabæ eða einhvers staðar á Þingvallastað?


Það er skoðun sóknarnefndar að annað hvort þurfi að veita sóknarpresti mun rýmri aðstöðu í Þingvallabænum en nú er eða þá að byggja sérstaka aðstöðu. Jafnframt er það skoðun sóknarnefndar að föst búseta þurfi að vera á Þingvallastað bæði af öryggisástæðum og vegna virðingar staðarins.

Það er ósk og von sóknarnefndar Þingvallakirkju að allsherjarnefnd Alþingis taki tillit til ofangreindra athugasemda og sjónarmiða og sjái til þess að prestsetrið á Þingvöllum verði hafið til vega og virðingar á ný.

Sóknarnefnd Þingvallakirkju


Sveinbjörn Jóhannesson, formaður


Steinunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri


Ragnar Jónsson, ritari